



STARFSÁÆTLUN

SKÓLAÁRIÐ 2017-2018

LEIKSKÓLINN HULDUHEIMAR

Virðing - Lýðræði -



Hulduheimar



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	3
2. Leikskólastarfið í Hulduheimum	4
2.1. Markmið leikskólans Hulduheima	5
2.2. Áherslur í starfi Hulduheima 2017-2018	5
2.2.1 Eldri deildir (Sólbakki, Hlynskógar og Kirsuberjadalur).....	6
2.2.2 Yngri deildir (Kattholt, Sjónarhóll og Smálönd)	6
2.2.3 Leikskóladagatal.....	7
3. Mat á skólastarfi	8
3.1 Langtímaáætlun um innra mat.....	9
3.2 Matsáætlun skólaársins 2017-2018	11
4. Símenntun.....	13
4.1 Drög að símenntunaráætlun skólaársins.....	13

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Hér gefur að líta starfsáætlun leikskólans Hulduheima skólaárið 2017 – 2018 en hún er hugsuð sem leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Hún hefur að geyma hlutverk Hulduheima þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: Virðing – Lýðræði – Samfélag. Einnig má sjá viðfangsefni og áherslur skólaársins, matsáætlanir og símenntunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er vetrarstarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfar. Helstu niðurstöður innra mats munu birtast í Ársskýrslu Hulduheima sem er útgefin að vori sem og á heimasíðu leikskólans.

Selfossi, október 2017

Kristrún Hafliðadóttir

Leikskólastjóri

Einkunnarorð Hulduheima
Virðing – Lýðræði - Samfélag

2. Leikskólastarfið í Hulduheimum

Leikskólinn Hulduheimar starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Námsvið leikskóla (skv. Aðalnámskrá) eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning og eiga að falla inn í alla starfsemi leikskólans.

Í Hulduheimum er hugmyndafræði John Dewey grunnurinn að innra starfi leikskólans. Hann taldi mikilvægt að börnin þekktu fortíðina, þannig myndu þau skilja nútíðina. Dewey vildi að samfélagið og skólinn ynnu saman og hann taldi nauðsynlegt að samband væri milli raunverulegrar reynslu barnanna, náms og menntunar. Dewey sá skólann fyrir sér sem samfélag þar sem lýðræði væri haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt að mörkum. Reynslan, samfélagið og lýðræðið eru að mati Dewey samofin í leikskólastarfinu. Hlutverk leikskólans er að hafa í huga líf barnanna utan veggja leikskólans og byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa þegar aflað sér og skapa nýja reynslu sem þau geta lært af. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að lifa og starfa sem einstaklingur í samfélagi við aðra einstaklinga.

Dewey taldi að börnum sé það meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem lýsa á einfaldan hátt í einkunnarorðunum „learning by doing”, að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu.

Aðalnámsaðferð Hulduheima er könnunaraðferðin (Project Approach) en hún fer vel saman við hugmyndafræði Deweys að því leyti að þar er þekking byggð á reynslu barnanna. Með aukinni reynslu og rannsóknum á viðfangsefninu eykst þekkingin enn frekar.

2.1. Markmið leikskólans Hulduheima

1. *Að mæta barninu þar sem það er stadd*, einstaklingsmiðað nám (menntun og reynsla). Dewey taldi að leikurinn væri leið til menntunar og þroska, börn öðluðust einungis raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína. Nám barna er samfélagsmiðað þar sem barnið lærir í samskiptum við aðra einstaklinga.
2. *Að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu* (menntun og samfélag). Börnunum er gefin tækifæri til þess að rannsaka og skoða umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum á markvissan hátt innan leikskólastarfsins. Þau fá tækifæri til að læra á og þekkja umhverfi sitt, sögu, náttúru, fyrirtæki og annað sem einkennir umhverfi leikskólans.
3. *Að barnið kynnist lýðræði* (menntun og lýðræði). Virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi. Samhliða lýðræði og lífsleikni er stuðlað að því að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins.

2.2. Áherslur í starfi Hulduheima 2017-2018

- Að halda áfram að efla læsi barnanna samkvæmt læsisstefnu Hulduheima.
- Að halda áfram að leggja áherslu á að efla félagsfærni nemenda í Hulduheimum.
- Að halda áfram að efla samvinnu milli starfsfólks.
- Að halda áfram að vinna að og þróa námsmat leikskólans samkvæmt þeim forgangsverkefnum sem voru sett vegna þróunarverkefnisins „Námsmat á mörkum skólastiga“ sem unnið var í samvinnu við öll skólastigin í Árborg. Forgangsverkefnin voru þessi:
 - Að styrkja könnunaraðferðina og námsmat innan hennar.
 - Skerpa á ferilmöppunni, skoða hana með hliðsjón af þemahefti um námsmat í leikskóla og ákvarða hvernig námsmat birtist í henni.
 - Samræma verklagsreglur á deildum eftir niðurstöðum úr TRAS, HLJÓM-2 og Orðaskil. Verkerlar ættu að vera sýnilegir innan deilda og á heimasíðu leikskólans.
 - Skoða viðmið fyrir hreyfiþroska barna þannig að starfsmenn átti sig á því hvenær sé rétt að vísa til sérfræðinga vegna seinkunar í hreyfiþroska.
 - Útbúa skýra námsmatsstefnu Hulduheima sem verður sýnileg á heimasíðu leikskólans og kunn öllum starfsmönnum og foreldrum skólans.
- Að vinna að umbótum samkvæmt umbótaáætlun leikskólans sem gerð var í kjölfar niðurstaðna á innra og ytra mati á síðasta skólaári. Helstu umbætur eru þær að bæta upplýsingaflæði til foreldra, auka fræðslu um lýðræði, jafnrétti og margbreytileika mannlífsins, bæta hljóðvist í sal, setja okkur stefnu

um leikefni, auka skapandi leik og rannsóknir inni og úti, auka samskipti yngri og eldri deilda og gera einkunnarorðin sýnileg og þekkt.

- Að kynna Barnasáttmálann fyrir nemendum Hulduheima

2.2.1 Eldri deildir (Sólbakki, Hlynskógar og Kirsuberjadalur)

Læsi er m.a. eflt með námsefnunum „Markviss málörvun“, „Lubbi finnur málbein“ og SOL bókinni sem inniheldur hugmyndir að verkefnum eftir fyrirlögn TRAS.

Foreldraviðtöl verða tvisvar á ári til að efla vitund og samvinnu foreldra vegna náms barnanna en þá fá foreldrar nýjustu upplýsingar um niðurstöður í TRAS og HLJÓM-2 ásamt upplýsingum um líðan barnsins í leikskólanum.

Félagsfærni er efld m.a. með ART þjálfun, sameiginlegum matmálstímum og frjálsum sætavali í matsal og Regnbogadögum (eftir áramót) þar sem árgangar hittast og vinna saman.

Samvinna starfsfólks efld m.a. með því að deildarstjórar eru saman í undirbúningstímum og hafa því aukið samráð. Samvinna þvert á deildir efld með teymisvinnu sem tengist námsmati og öðrum verkefnum tengd umbótastarfi.

Námsmat og verkferlar í könnunaraðferð voru eflir á síðasta skólaári eftir vinnu teymis um könnunaraðferð. Sú innleiðing heldur áfram og verður árangur metinn í lok skólaárs.

Brúðan Sæli kemur í heimsóknir einu sinni í mánuði á eldri deildir. Þetta eru samverustundir sem byggðar eru á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og leggja áherslu á mannréttindi, vináttu og margbreytileika mannlífsins.

2.2.2 Yngri deildir (Kattholt, Sjónarhóll og Smálönd)

Læsi er m.a. eflt með markvissum vinnustundum byggðar á námsefninu „Lubbi finnur málbein“.

Félagsfærni efld m.a. með því að vera með Regnbogadag þar sem elsti árgangur vinnur saman þvert á deildir, vera með opið flæði þar sem öll börnin fara frjálst á milli deildanna þriggja part úr degi og sameiginlegir matmálstímar í matsal.

Samvinna starfsfólks er m.a. efld með því að deildarstjórar eru saman í undirbúningstímum og hafa því aukið samráð og einnig með því að fagstjórar hreyfingar, myndsköpunar, málörvunar og læsis, könnunarleiks og könnunaraðferðar hafa samráð sín á milli um hugmyndir og verkefni. Samvinna þvert á deildir efld með teymisvinnu sem tengist námsmati og öðrum verkefnum tengd umbótastarfi.

Brúðan Engilráð kemur á yngri deildir einu sinni í mánuði. Samverustundirnar byggjast á umræðum og söng um vináttu, umhyggju og virðingu fyrir margbreytileika en einnig eru umfjöllunarefni byggð á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

2.2.3 Leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2017 - 2018

Nafn skóla: Hulduheimar

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	
1 Þ	Sunnudagur	1 F	1 S	1 M	1 F	Fékkjulegudagur	1 M	Hjónadagur	1 F	1 S	Fékkjulegudagur	1 F
2 M	Sunnudagur	2 L	2 M	2 F	2 L		2 Þ	Dagur starfsmanna	2 F	2 M	Annar í þjálfun	2 M
3 F	Sunnudagur	3 S	3 Þ	3 F	3 S		3 L		3 L	3 Þ		3 S
4 F	Sunnudagur	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	Hvítur dagur	4 S	4 S	4 M	4 F	4 M
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	Rauður dagur	5 F	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ
6 S		6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	Þrekkidagur	6 Þ	6 F	6 F	6 S	6 M
7 M	Þriðjuga verkunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	Blár dagur	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F
8 Þ	Sunnudagur	8 F	Dagur leika	8 S	8 M	8 M	8 M	8 F	8 S	8 Þ	Grænn dagur	8 F
9 M	Sunnudagur	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 M	9 L
10 F	Lokadagur	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M	11 M
12 L		12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 Þ
13 S		13 M	13 F	Hvaðingur - Lokad	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 M		14 F	14 L	14 Þ	Almæli Húðheima	14 F	Jólaball	14 S	14 M	14 M	14 M	14 F
15 Þ		15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 F	15 S	15 Þ	15 F
16 M		16 L	16 M	16 F	16 F	16 Þ	16 F	16 F	16 M	16 M	16 M	16 L
17 F	Starfslagið - Lokad	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 S
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 M	18 F	18 M	18 M
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 F	19 F	19 L	19 Þ
20 S		20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M
21 M		21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 F
22 Þ		22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 F
23 M		23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L	23 L
24 F		24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 S
25 F		25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 M	25 M
26 L		26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F	26 F	26 L	26 Þ
27 S		27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M
28 M		28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 F
29 Þ		29 F	29 S	29 M	29 F	29 M			29 F	29 S	29 Þ	29 F
30 M		30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ			30 F	30 M	30 M	30 L
31 F			31 Þ		31 S	31 M			31 L		31 F	

3. Mat á skólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna. Mat á leikskólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir (innra mat) og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila (ytra mat).

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla, að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, auka gæði og þróun skólastarfsins og jafnframt að stuðla að umbótum. Innra mat skal vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess á starfsemi leikskólans ásamt því að vera liður í foreldrasamvinnu.

Mikilvægt er að matið sé lýðræðislegt og að rödd sem flestra í skólasamfélaginu fái að heyrast. Matið á að styðjast við fjölbreytt gögn og mismunandi matsaðferðir. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér er dæmi um nokkrar:

- ✓ Starfsmannasamtöl.
- ✓ Foreldrasamtöl.
- ✓ Rýnihópar.
- ✓ Spurningalistar til starfsfólks og foreldra.
- ✓ Mat barna á skólastarfinu (spurningakönnun með broskörlum, viðtöl, rýnihópar, ljósmyndir eða teiknaðar myndir).

Aldrei er hægt að skoða allt skólastarfið í einu því það er flókið og margþætt. Því er gerð langtímaáætlun til fjögurra ára til að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins. Hvert skólaár er þó útbúin matsáætlun þar sem eru nánari útlistanir um matsaðferðir og viðmið. Þá bætist yfirleitt við matið þættir sem brýnt er að taka fyrir það skólaár.

Helstu niðurstöður mats á skólaárinu ásamt úrbótaáætlun mun verða birt á heimasíðu leikskólans í lok skólaárs.

3.1 Langtímaáætlun um innra mat

Viðfangsefni	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun leikskólans, daglegur rekstur og vinnuumhverfi.	x		x	
Faglegt samstarf	x		x	
Leikskólaþróun og starfsþróun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Nám svið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x

Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umbætur		x		x

3.2 Matsáætlun skólaársins 2017-2018

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tími	Ábyrgð
Stjórnun og rekstur, faglegt samstarf, leikskólaþróun starfsþróun.	Meta stjórnun og faglegt starf leikskólans.	Að stjórnun, rekstur og faglegt starf sé í samræmi við viðmið sem sett eru fram í „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“.	Starfsmannakönnun Skólapúlsins á vorönn, heimatilbúinn spurningalisti á vorönn. Umræður á deildarstjórafundi, fagfundi og starfsmannafundi.	Vor 2018	Stjórnendat.
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Skoða námskrá samkv. gátlista. Að skerpa verkferla og skipulag.	Að námskráin sé í samræmi við starfið í raun. Að leikskólinn sé að vinna eftir aðalnámskrá leikskóla. Að verkferlar og skipulag starfsins sé markvisst og til þess gert að efla nám og þroska barna.	Gátlisti f. námskrá. Spurningar í endurmati haust- og vorannar. Umræður um skólanámskrá á fagfundi að vori.	Stjórnendat. fer yfir gátlista fyrir námskrá í nóvember. Haust- og vorönn.	Stjórnendat.
Mat á námi og velferð barna s.s. námsaðferðir námsaðstaða og námsmat	Meta könnunaraðferð og ferilmöppu. Meta umbætur sem gerðar hafa verið á skipulagi náms og námsaðstæðum.	Að námsaðferðir, hæfniviðmið og námsmat sé í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla og þemahefti um námsmat í leikskóla.	Meta þróun námsmats með spurningum í endurmati haust og vorannar og umræðum á fundum.	Meta könnunaraðferð í desember. Meta ferilmöppu í maí. Foreldrar meta í lok skólaárs hvort að þau hafi verið vel upplýst um nám barna sinna.	Stjórnendat.
Uppeldi, menntun og starfshættir, námssvið leikskólans	Að skoða leikskólastarfið m.t.t. námssviða leikskólans. Taka fyrir „sjálfbærni og vísindi“ og „sköpun og menning“.	Að kennsla og uppeldishættir séu í samræmi við námskrá leikskólans og aðalnámskrá leikskóla.	Lestur og umræður á starfsdegi, heimatilbúinn matslisti.	Febrúar 2018	Stjórnendat.

Velferð og líðan barna	Að kanna líðan barnanna í leikskólanum og hvort við mætum þörfum þeirra.	Að börnunum líði vel, þörfum þeirra sé mætt og að þau hafi tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt.	Broskarlakönnun og samtöl við börn. Matslisti fyrir starfsfólk. Spurningar til foreldra í lok skólaárs.	Nóvember og maí	Stjórnendat.
Mannauður, fagmennska og starfsánægja.	Að meta líðan starfsm. á vinnustað og stuðla að góðum samskiptum á vinnu-staðnum.	Að starfsfólki líði vel á vinnustaðnum og sé að njóta styrkleika sinna. Að starfsfólk sé að vaxa í starfi.	Starfsmannakönnun Skólapúlsins. Spurningar í starfsmannasamt. og í endurmatslistum haust og vor.	Vor 2018	Stjórnendur
Leikur og nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Að skoða hvort nemendur hafi tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif á skólastarfið. Leikskólinn sé fyrir alla, allir að njóta sín.	Viðmið í samræmi við „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“.	Broskarlakönnun og samtöl við börn. Spurningar á endurmatslistum haust og vor. Gátlistar um þátttöku barna í könnunaraðferð og skráningar í könnunarleik á yngri deildum.	Mat barna í nóvember. Allt skólaárið.	Stjórnendat.
Umbótaáætl.	Að meta þætti í umbótaáætl.	Að halda áætlun við mat á umbótaþáttum og gera eins vel og hægt er.	Sjá umbótaáætlun	Renna yfir og skoða stöðuna við upphaf og lok haustannar og aftur við lok vorannar.	Stjórnendur
Vinnuumhverfi starfsmanna	Að endurskoða áhættumat	Viðmið samkvæmt gátlistum vinnuverndar	Gátlistar vinnuverndar og af heimasíðu OIRA	Haustönn	Öryggis-vörður og öryggis-trúnaðarm.

4. Símenntun

Góð símenntun er nauðsynleg til að viðhalda fagmennsku og starfsþróun innan leikskólans. Hún er liður í umbótum samkvæmt innra mati starfsmanna og mikilvæg til að viðhalda þeim áherslum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðsluerindi en einnig er tekið tillit til óska starfsmanna varðandi símenntun. Leikskólastjóri auglýsir fræðsluerindi/námskeið (frá sveitarfélagi og fleiri aðilum) jafnóðum og þau berast og starfsmenn koma með sínar óskir um að sækja þessi námskeið.

Leikskólinn greiðir námskeið og fyrirlestra sem eru á starfsdögum en einnig þau sem tengjast mikilvægum þáttum leikskólastarfsins s.s skyndihjálp, ART, Tras og Hljóm- 2 og námskeið vinnueftirlits. Önnur námskeið og fræðsluerindi sem kennarar sækjast eftir að fara á greiða þeir sjálfir en fá endurgreitt frá sínu stéttarfélagi.

Þar sem tilboð um símenntun berast leikskólanum allt skólaárið er ekki hægt að skipuleggja alla símenntun skólaársins að hausti en í starfsáætlun má sjá hvaða símenntun er þegar ákveðin fyrir komandi skólaár. Í ársskýrslu má sjá hvaða símenntun starfsmenn hafa hlotið yfir skólaárið.

4.1 Drög að símenntunaráætlun skólaársins

Dags.	Símenntun	Tímar	Þátttak.	Hvar
Starfsdagur 17.ágúst	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Fyrirlestur- áhrifaríkar leiðir til að fyrirbyggja og takast á við erfiða hegðun. ✓ Upprifjun á TMT og ræða leiðir til að vinna með TMT og Lubba samtímis. 	8 klst	Allir starfsmenn leikskólans.	Hulduheimar Sunnulækjar-skóli
Haustþing 13.október	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Fjölbreytt endurmenntun fyrir allt starfsfólk leikskólans. 	6. klst.	Allir starfsmenn leikskólans.	Hótel Selfoss
Starfsdagur 16. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Heimsóknir í aðra leikskóla. 	8 klst.	Allir starfsmenn leikskólans.	Hveragerði Hulduheimar
Starfsdagur 13.febrúar	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Unnið í hópum með námssvið leikskóla, lestur, mat og umræður. 	8 klst	Allir starfsmenn leikskólans.	Hulduheimar
Skóladagur 14.mars	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Fjölbreytt endurmenntun fyrir allt starfsfólk þvert á skólastig. 	8 klst.	Allir starfsmenn leikskólans.	Grunnskóli Stokkseyri
Starfsdagur 12.júní	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Endurmat vorannar, drög lögð að áherslum næsta skólaárs. 	8.klst.	Allir starfsmenn leikskólans.	Hulduheimar
Júní	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Skyndihjálparnámskeið 	4 klst.	Nokkrir starfsmenn	Fræðslu-setur

Tveir starfsmenn á Sólbakka fara á ART þjálfunarnámskeið, fjórir kennarar sækja námskeiðið „Leikur að læra“ erlendis í apríl og aðrir fjórir í maí á sama námskeið, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sækja tveggja daga námskeið hjá Vinnueftirliti.

Auk þessa er lögð áhersla á að starfsmenn komist á námskeið sem eru reglulega auglýst og í boði fyrir starfsmenn Árborgar.